

Skipulag

Fundarboðandi: Sigurborg Daðadóttir

Fundarstaður: Teams

Fundarstjóri: Sigurborg Daðadóttir

Dagsetning: 6. nóvember 2023

Fundarritari: Þórður Heimir Sveinsson

Fundartími: 13:00-13:45

Þátttakendur: Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir og formaður Fisksjúkdómanefndar), Guðni Magnús Eiríksson (f.h. Fiskistofu), Árni Kristmundsson (f.h. Tilraunastöðvar H.Í. í meinafræði að Keldum), Guðni Guðbergsson (f.h. Hafrannsóknarstofnun), Raket Guðmundsdóttir (f.h. Hafrannsóknarstofnun) Berglind Helga Bergsdóttir (sérgreinadýralæknir fiskisjúkdóma hjá Matvælastofnun)

Dagskrá

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um lyfjameðhöndlun.

Umræða

- Ráðgjöf til Matvælastofnunar vegna umsóknar um leyfi til að lúsameðhöndla eldislaxa í sjókvíaelði.
 - Umsókn um leyfi til lúsameðhöndlunar (fiski- og laxalús) fyrir kvíar á kvíabólinu Ytra-Kofradýpi í Ísafjarðardjúpi með lyfinu SLICE vet (Emamectin Benzoate) sem gefið er með lyfjablönduðu fóðri. Að umfjöllun lokinni komst Fisksjúkdómanefnd að þeirri samdóma niðurstöðu að út frá fyrirbyggjandi gögnum um núverandi stöðu og þróun mælir nefndin með að fiskur í umræddum kvíum verði meðhöndlaður samkvæmt umsókn.
 - Utan dagskrár var rætt um nauðsyn þess að rannsaka aðdraganda lúsafaraldursins á Vestfjörðum og hvað skýri hann og hvað sé hægt að læra af þeim málum sem upp hafa komið. Mun Matvælastofnun vinna að rannsókn málsins auk skýrslugerðar.

Fleira ekki tekið fyrir.

